



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 30 Janúar 2018 á Kjóavöllum.

3. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hermann Vilmundarson, Sigurður Tyrfingsson, Ragna Emilsdóttir, Sverrir Einarsson, Lárus Finnbogason og Magnús Benediktsson framkv.stj.

Auður Stefánsdóttir boðaði forföll

Á þessum þriðja fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfunda samþykktar.
2. Fyrstu vetrarleikar fyrirhugaðir 4 febrúar næstkomandi, stjórn mun að venju sjá um framkvæmd og skráningu.
3. Umræða um hvort skoða skuli nýtt fyrirkomulag á heimasíðu þar sem boðið væri upp á greiðslugátt. Í greiðslugátt væri m.a. hægt að greiða félagsgjöld, greiða fyrir námskeið og minni mót ásamt skráningu á viðburði hjá Spretti.
4. Töltgrúbbi Ragnheiða Samúelsdóttur hefur hafið starfsemi og samningur um leigu á reiðhöllum og fyrirkomulag liggur fyrir og verður undirritaður á næstunni.
5. Fulltrúar frá Fræðslunefnd Sprettis komu á fund stjórnar að ræða fyrirkomulag starfsemi barna unglinga og ungmenna á þessu starfsári. Stjórn og fulltrúar eru sammála um að huga vel að þessu starfi er varðar þennan mikilvæga hóp í Spretti og vinna sameiginlega að því efla og styðja starf, fræðslu og félagsstarf þessa hóps og gera sem flestum kleift að taka þátt með stuðning stjórnar og gera enn betur í þessum málum á næsta ári.
6. Framkvæmdastjóra og gjaldkera falið að kynna kort af þeim reiðvegum sem nota skal á félagssvæðinu á miðlum félagsins fyrir félagsmönnum. Þar á meðal að ítreka mikilvægi þess að nota einungis þá reiðvegi sem eru á skipulagi, sérstaklega vegna þeirrar slyshættu sem er á vissum leiðum sem ekki eru á framtíðarskipulagi en eru notaðir eru í dag ásamt almennum umferðareglum á reiðvegum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15

Fundargerð ritaði Ragna Emilsdóttir.